

Súr og sýring

Acidemia



**Jóhann Heiðar
Jóhannsson**

johannhj@landspitali.is

Læknisfræðilegur þýðandi sendi tölvupóst yfir úthöfin og bað um aðstoð við að aðgreina fyrirbærin **acidemia** og **acidosis** með íslenskum heitum. Í Íðorðasafni lækna er heitið **acidemia** er notað um tiltekna breytingu á sýrustigi (pH) í blóði, það er að segja *lækkun pH niður fyrir eðlileg mörk*, og hefur þar fengið íslenska heitið **blóðsúr**. Erlendar læknisfræðiorðabækur upplýsa að heitið sé einnig notað í samsetningum þegar um er að ræða aukna þéttni á sérstökum sýrum í blóði, svo sem **aminoacidemia**. Samkvæmt Íslenskri orðabók Eddu merkir nafnorðið **súr**: 1. ástand, það að vera súr; 2. súra; 3. súr mysa; 4. súr drykkur; 5. súrt skyr.

Acidosis

Íðorðasafn lækna birtir eftirfarandi: **acidosis** ft. acidoses, no. **blóðsýring**. *Almenn blóðsýringseitrun blóðs og vessa sem einkennist af aukningu vetnisjóna og lúttapi*. Erlendar læknisfræðiorðabækur leggja áherslu á að **acidosis** sé ástand þar sem sýru- og basajafnvægi líkamans sé truflað, þannig að sýrujónir (H^+) hafi safnast fyrir eða basískar jónir (HCO_3^-) tapast. Gert er ráð fyrir lækkun pH-gildis, en þó ekki endilega fyrir en mótvægisáðgerðir hafa brugðist. Af þessu má ráða að heitið **acidosis** sé talið lýsa ástandi sem ríkir, einhverju sem orðið er, en ekki ferli eða umbreytingu sem er að verða. Kvenkynsnafnorðið **sýring** finnst í Íslenskri orðabók Eddu með skýringunni: *það að súra, fækkun rafinda í sameind*. Undirritaður skilur þetta þannig að fremur sé verið að lýsa ferli sýringar en ástandinu sem er afleiðing hennar.

Súr og sýring

Þó undirritaður feginn vildi getur hann ekki fullvirt að framangreindar útskýringar kveði upp úr um rökrétta aðgreiningu á **acidemia** og **acidosis** með íslensku heitunum súr og sýring. **Blóðsúr** er vissulega ágætis heiti, sem getur lýst því ástandi að súr (sýra) í blóði sé aukinn og sýrustig (pH) þar með lækkað. Undirrituðum finnst það heiti þó allt eins geta átt við um **acidosis**. Með því væri hægt að setja saman ágætlega lipur heiti til að tákna tiltekna raskanir í sýrujafnvægi líkamans: **efnaskiptasúr** (metabolic acidosis) og **öndunarsúr** (respiratory acidosis). Hugsanlega þarf að fella niður heitið **acidemia** og hætta alveg notkun þess, eins og virðist hafa verið gert í Handbók í lyflæknisfræði (bls. 46-52) eftir lyflæknana Ara J. Jóhannesson og Runólf Pálsson. Áður en lengra er haldið á þessari braut væri gaman að heyra frá þeim sem skoðanir hafa á þessu viðfangsefni.

Líffæraflutningur

Blaðamaður einn bað um íslenskt heiti á **xenotransplantation**, en slíkt er ekki að finna í Íðorðasafni lækna. Þar má þó finna að forliðurinn **xen-** eða **xeno-** merkir: *a) frábrugðinn, framandi, b) utanaðkomandi, íþrengjandi*, og að íslensku heitin á **transplantation** eru *ágræðsla, ígræðsla*. Gríska nafnorðið **xenos** er notað um þann sem ókunnur er eða útlendur, samanber **xenophobia**, *útlendingafælni*.

Með leit á netinu mátti finna að **xenotransplantation** vísar í flutning líffæra, vefja eða frumna milli dýrategunda. Blaðamaðurinn fékk því sendar samsetningarnar: **líffæraflutningur milli tegunda** eða **ígræðsla milli tegunda**.

Auscultatory gap

Reynir Tómas Geirsson, prófessor, sendi uppástungu að íslensku heiti á **auscultatory gap**. Slíkt heiti er ekki að finna í Íðorðasafni lækna, aðeins spurningarmerki (?). Um er að ræða tímabil þar sem hlé verður á högghljóðunum (Korotkoff sounds) sem heyrast þegar blóðþrýstingur er mældur með hlustunaraðferð. Þetta tímabil vildi Reynir nefna **hljóðmarkabil**. Tillagan er allrar athygli verð og bíður athugasemda þeirra sem fást við blóðþrýstingsmælingar.

Meta-analysis

Reynir bað einnig um heiti á **meta-analysis**, kerfisbundinni, tölfræðilegri greiningu og samantekt á gögnum úr nokkrum mismunandi rannsóknum á sama fyrirbæri. Þessu var svarað með tilvísun í íðorðapistla 124 og 127 (Læknablaðið 2000; 86: 533 og 711). Þar kom fram tillaga að íslensku heiti: **safngreining**, sem á við um greiningu á safni margra rannsókna.

Skeiðarsviði

Þorkell Jóhannesson, professor emeritus, sendi tölvupóst í tilefni af 202. pistli og vildi minna á heitið **skeið** í stað **leggöng** fyrir **vagina**. Í pistlinum var meðal annars fjallað um **vulvodynia** og **vaginodynia**, sársaukafullt ástand sem einkennist af ertingu með sviða- eða brunatilfinningu á viðkomandi líkamssvæði. Niðurstaðan í pistlinum var sú að nota heitin **skapasviði** og **leggangasviði**.

Þorkell sagðist hafa haldið heitinu **skeið** til streitu í ýmsum samsetningum og benti á að heitin **skeiðarbólga**, **skeiðarkrem** og **skeiðarstílar** nyttu fullrar viðurkenningar. Þess vegna væri eðlilegt að nota heitið **skeiðarsviði** um **vaginodynia**.

Jóhann Heiðar
er læknir
á Landspítala
Hringbraut.